

Hofsstaðaskóli

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnis

Lesskilningsverkefnið Gluggað og grúskað: Polli

2015-2016

Tengiliður verkefnis: Margrét Harðardóttir

Höfundar verkefnis: Bergljót Vilhjálmsdóttir, Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og
Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Mæta ólíkum námsþörfum nemenda.
- Efla virkni þeirra í námi.
- Stuðla að jákvæðu samstarfi og samvinnu við foreldra.
- Efla lestrarfærni í víðum skilningi.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Útbúið var námskeið í lestri fyrir börn í 2. bekk sem ekki höfðu náð nægjanlegri færni í lestri (sjá lestrarstefnu Hofsstaðaskóla).

Framkvæmd, tímaplan og afrakstur verkefnis í júní 2016

Apríl - maí	<ul style="list-style-type: none">• Undirbúningur verkefnis.• Skoðuðum bækur og gömul lestrarátök. Upplýsingaröflun og hugmyndavinna.• Ákváðum að leggja áherslu á verkefni fyrir 2. bekk.• Völdum sögu ásamt verkefnum með sögunni til að þýða og vinna með.
Júní	<ul style="list-style-type: none">• Skiptum með okkur verkum og þýddum sögu og verkefni.• Skönnuðum söguna og myndir til að nota með texta.• Lásum yfir texta og aðlöguðum að námshópi.
Ágúst	<ul style="list-style-type: none">• Héldum áfram með að lesa yfir texta, lagfæra greinarmerki og orðalag.• Texti og myndir færðar yfir í Publisher.
Sept. – desember	<ul style="list-style-type: none">• Bjuggum til verkefni sem þjálf lestrarfærni, hljóðgreiningu, atburðarás, hljóðtengingu, endurtekningu setninga, ritun, setningar og orð, atkvæði orða, rím, bókstafi og algeng orð/sjónrænan orðaforða.
Janúar - febrúar	<ul style="list-style-type: none">• Lásum yfir verkefni og lagfærðum texta, útlit og hönnun verkefnis. Röðuðum saman verkefni og bjuggum til forsiðu, ásamt umbunarblaði fyrir nemendur.
Mars-apríl	<ul style="list-style-type: none">• Prófuðum verkefnið með tveimur hópum nemenda.• Lukum við námskeiðslýsingu og settum fram leiðbeiningar fyrir foreldra.• Útbjuggum kynningarefni fyrir foreldra og skipulögðum kynningu á átakinu.
Maí-júní	<ul style="list-style-type: none">• Útbjuggum matsblöð fyrir nemendur og foreldra.• Gerðum orðalista fyrir allar blaðsíður í lestrarhefti.• Endurskoðum texta eftir prófun verkefnisins.• Gengum frá uppröðun, prentun og útliti bókanna.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Tímaáætlun stóðst og vinna við verkefnið gekk samkvæmt áætlun.

Mat á verkefninu

Verkefnið var endurskoðað eftir fyrstu prófun þess. Haustið 2017 var það kynnt fyrir foreldrum og í kjölfarið lagt fyrir hóp nemenda. Að því loknu voru lagðir fram matslistar fyrir nemendur og foreldra.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks: 580.000

Laun	580.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	
Gögn	

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Afrakstur

- Afrakstur verkefnisins eru lestrarbókin um *Polla* ásamt verkefnabók og plöstuðum 100 orða banka. Bækurnar eru vistaðar á sameign skólans og er hægt að nota þær og miðla til annarra skóla.

Ávinningur

- Helsti ávinningur verkefnisins er aukin færni nemenda í lestri og aukin ánægja í námi.
- Skýrt afmarkað og áhugavert námskeið í lestri.
- Námskeiðið er fyrir nemendur í 2. bekk og námsefnið nýtist áfram.
- Samvinna við foreldra.

Kynning

- Kynning á verkefninu hefur farið fram fyrir samstarfsfólk í Hofsstaðaskóla.
- Verkefnið var kynnt foreldrum haustið 2017.
- Verkefnið var kynnt á samstarfsdegi skólanna í Garðabæ í október 2017.

Hofsstaðaskóli, 15. febrúar 2018

Bergljót Vilhjálmsdóttir

Guðrún Dögg Jóhannsdóttir

Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir